

## AUGLÝSING

### um skrá yfir störf hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs. sem eru undanþegin verkfallsheimild.

Að viðhöfðu samráði við öll hlutaðeigandi stéttarfélag birtist hér skrá yfir þau störf hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs. sem eru undanþegin verkfallsheimild, skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. er sjálfstætt rekið byggðasamlag í sameign sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu; Reykjavíkurborgar, Kópavogsbæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar. Lög um opinbera starfsmenn eiga við um starfsmenn byggðasamlagsins.

#### *Yfirstjórn:*

Slökkviliðsstjóri og staðgenglar hans:

slökkviliðsstjóri	1 stöðugildi
varaslökkviliðsstjóri	1 stöðugildi

#### *Varðlið:*

Fjórar vaktir (A, B, C, D) til mönnunar fjögurra stöðva. Hverja vakt skipa:

varðstjórar	3 stöðugildi
innimaður kallmerki 70	1 stöðugildi
slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn	19 stöðugildi

#### *Verkstæði og lager:*

deildarstjóri verkstæðis	1 stöðugildi
deildarstjóri grímueftirlits	1 stöðugildi

#### *Skrifstofa:*

fjármálastjóri	1 stöðugildi
launafulltrúi	1 stöðugildi

*Reykjavík, 31. janúar 2017.*

F.h. Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.,

**Jón Viðar Matthíasson** slökkviliðsstjóri.